

Seltjarnarnesbær
Einar Már Steingrímsson
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

Reykjavík 6. nóvember 2020
UST202011-009/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og nýtt deiliskipulag - Ráðagerði

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar er barst 3. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 og á nýju deiliskipulagi fyrir Ráðagerði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina reit þar sem Ráðagerði er innan undir verslun- og þjónustu, en í gildandi aðalskipulagi er Ráðagerði innan íbúðarsvæðis ÍB-10. Auk þess kemur fram að deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir bílastæðum, göngutengingum og landmótun, en bílastæðið mun einnig þjóna útivistarsvæðinu.

Náttúruminjar

Í greinargerð kemur fram að Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes eru náttúruminjasráð og skammt frá eru tvö friðlýst svæði; Gróttu og Bakkatjörn.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan rýri ekki verndargildi friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjasráð.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*“


Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, varðveislugildi o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur